



Fundargerð 33. stjórnarfundar AKÍS 2023-2024

Staður og tími: Zoom 7. mars 2024 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Aðalsteinn Símonarson (AS), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Jón Þór Jónsson (JPJ), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS)

Mættir varamenn: Fundinn sat einnig Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) starfsmaður sambandsins.

Fjarverandi: Ari Halldór Hjaltason (AHH) og Halldór Jóhannsson (HJ) aðalmenn, Kolbrún Vignisdóttir (KV) og Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR) varamenn.

AS ritaði fundargerð.

1. Ársreikningur 2023

Farið yfir loka niðurstöðu sem liggur fyrir. Tekjur ársins voru 15.674.139, gjöld 12.142.462 og rekstrarhagnaður því 3.531.677.

Annar skoðunarmaðurinn hefur þegar staðfest ársreikninginn fyrir sitt leyti og hinn er með hann til skoðunar.

Stjórn staðfestir ársreikninginn fyrir sitt leyti til samkvæmis við álit skoðunarmanna.

2. Fjárhagsáætlun 2024

Farið yfir tillögu TMP að Fjárhagsáætlun 2024, einstaka liðir ræddir og breytt eftir þörfum. Samþykkt að leggja fram áætlun með rekstrarniðurstöðu uppá -5.090.000.

3. Ársþing 9. mars

Fjöldi útgefinna keppnisskírteina árið 2023 var 1.176, gefin út á 354 mismunandi kennitölur. Þannig hafa verið gefin út kjörbréf fyrir samtals 26 þingfulltrúa, skipt niður á 10 aðildarfélög.

Ákveðið að stinga uppá Aðalsteini Símonarsyni sem þingritara.

Farið yfir drög að gjaldskrá 2024.

Fleira ekki tekið fyrir, næsti fundur verður ákveðinn af nýrri stjórn.

Fundi slitið kl. 21.28